

## 8. bekkur

### Námsgrein: Myndlist

**Kennarar:** Kristín Sesselja Kristinsdóttir

**Nemendur:** 39

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku

#### Menntagildi námsgreinar:

Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur okkar að læra að lesa og greina. Eitt lykilhlutverk menntunar er að læra að skilja þann heim sem við búum í svo við verðum virkir, gagnrýnir samfélagsþegnar sem geta látið gott af sér leiða. Sjónlistir henta vel til þess, því í myndmennt er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni. Með því að leyfa nemendum að velja inntak verka eða miðil í myndmennt er hægt að efla frumkvæði þeirra. Það að þroska með sér gagnrýna og skapandi hugsun í gegnum sjónlistir þjálfar nemendur í að bera kennsl á vandamál samfélagsins og finna lausnir á þeim

#### Hæfniviðmið

##### Nemandi getur:

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla,
- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal,
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta,

#### Kennsluhættir

- Nemendur mála með vatnslitum og þekjulitum og blanda saman aðferðum,
- Umræður um þekkta listamnenn og listaverk í nærsamfélagi okkar,
- Ólík myndverk skoðuð( á netinu) og rædd, útfærsla þeirra og tilgangur myndverka
- Mismunandi kveikjur frá kennara, þar sem áherslur eru á að nemendur hugsi sína afurð og móti hana niður á blað,
- Nemendur skoða nærumhverfi sitt og búa til myndverk út frá því.

- notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á mynd list og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati,
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í sam vinnu,
- gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi, • greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat,
- sýnt ábyrgð og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

**Verkefni:** Nokkur skemmtileg verkefni sem lögð eru fyrir nemendur í 8.bekk, frjáls sköpun / teikna, mála mynd út frá eigin sköpun og áhuga, teikna hús úr gamla bænum, teikna epli og skyggja með vatnslitum, mynstur, teikna ofurhetju, hanna húsgagn t.d. stól eða borð.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat fer stöðugt fram þar sem nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. Í lok námstímabils, ýmist í janúar eða maí, fá nemendur lokamat á þau hæfniviðmið sem metin eru og eru niðurstöður færðar inn í Mentor. Vinna nemenda í kennslustundum og ferilmöppur þeirra liggja til grundvallar námsmati.